

Nr. 78.  
22.  
nóvbr.

## Lög

um

farandsala og umboðssala.

**Vjer Frederik hinn Áttundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Farandsalar og umboðssalar, sem ekki hafa fast aðsetur hjer á landi, og bjóða til kaups útlendan varning, eða gefa kost á að útvega eða gjöra um kaup á vörum, er síðar koma frá útlöndum, skulu leysa leyfisbrjef áður en þeir hefja atvinnurekstur hjer á landi. Leyfisbrjefið gefur lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem farandsalinn kemur fyrst við land, eða byrjar atvinnurekstur sinn. Gildir það fyrir 1 ár, reiknað frá dagsetningardegi.

2. gr.

Í leyfisbrjefinu skal tekið fram, hvort leyfishafi reki atvinnu fyrir sjálfan sig eða í umboði annara, og þá fyrir hvert eða hver nafngreind firma eða verksmiðju. Skal leyfishafi, áður en leyfisbrjefið er afhent honum, lýsa skriflega yfir því, að viðlögðum drengskap, að hann reki eigi umboðsstörf fyrir aðra eða fleiri en þá, er tilgreindir eru.

3. gr.

Fyrir leyfisbrjefið skal leyfishafi greiða 200 króna gjald, hafi hann að eins umboð eða vörur til framboðs frá einu firma eða verksmiðju. En hafi hann vöruframboð fyrir fleiri, greiði hann 50 króna viðbótargjald fyrir hvern; þannig, að sá, sem hefur umboð fyrir 2, greiði 250 kr., fyrir 3, 300 krónur o. s. frv. Leyfisbrjefsgjaldið greiðist til lögreglustjóra fyrir fram, og rennur í landssjóð.

4. gr.

Hafa skulu lögreglustjórar eptirlit með leyfisbrjefum farandsala, sjerstaklega að því er snertir nöfn og tölu þeirra firma og verksmiðja, er þeir reka störf fyrir. Sýna skal farandsali leyfisbrjef sitt hlutaðeigandi lögreglustjóra, áður en hann byrjar atvinnurekstur í því lögsagnarumdæmi. Ritar lögreglustjóri ókeypis vottorð á brjefið um, að honum hafi það sýnt verið.

Nr. 78. Lög 22. nóvember um farandsala og umboðssala.

# Lov

om

## Handelsrejsende og Handelskommissionærer.

Nr. 78.  
22.  
Novbr.

**Vi Frederik den Ottende**, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

### § 1.

Handelsrejsende og Handelskommissionærer, der uden at have fast Bopæl her i Landet falbyde udenlandske Varer eller tilbyde at anskaffe eller afslutte Køb af Varer, der senere indføres fra Udlandet, have at løse Bevilling, inden de paabegynde deres Virksomhed her i Landet. Bevillingen udstedes af Politimesteren i den Jurisdiktion, hvor den Handelsrejsende først kommer til Landet eller begynder sin Virksomhed. Den gælder for et Aar, regnet fra Udstedelsesdagen.

### § 2.

I Bevillingen skal anføres, om dens Indehaver driver Virksomhed for egen Regning eller i Kommission for andre, og i saa Fald for hvilket eller hvilke navngivne Firmaer eller Fabrikker. Inden Bevillingen udleveres, skal vedkommende afgive en skriftlig Erklæring paa Tro og Love om, at han ikke driver Kommissionsforretninger for andre eller flere end de anførte.

### § 3.

Saafremt Bevillingshaveren kun er Repræsentant for eller falbyder Varer fra et enkelt Firma eller Fabrik, skal han for Bevillingen erlægge en Kendelse af 200 Kr. Hvis han derimod falbyder Varer for flere, skal han for hver enkelt af disse erlægge en Tillægskendelse af 50 Kr. Saaledes skal den, der har Kommission for to, betale 250 Kr., den, der har Kommission for tre, betaler 300 Kr. o. s. v. Kendelsen erlægges forud til Politimesteren og tilfalder Landskassen.

### § 4.

Politimestrene have at føre Kontrol med de Handelsrejsendes Bevillinger, navnlig hvad angaar Antallet af og Navnene paa de Firmaer og Fabrikker, for hvilke de drive Forretninger. Bevillingshaveren skal, inden han paabegynder sin Virksomhed i en Jurisdiktion, forevise sin Bevilling for vedkommende Politimester. Denne skal uden Vederlag paa Dokumentet gøre Paategning om, at det er blevet ham forevist.

Nr. 78. Lov af 22. November om Handelsrejsende og Handelskommissionærer.

Nr. 78.  
22.  
nóvbr.

5. gr.

Leyfisbrjef farandsala skulu bundin við nafn. Að öðru leyti skipar ráðherra fyrir um fyrirkomulag þeirra og efni.

6. gr.

Umboðssalar, eða farandsalar, er hafa fast aðsetur hjer á landi, og greiða hjer lögboðin gjöld, skulu leysa borgarabryef, sem innlendir kaupmenn, sbr. lög nr. 28, 7. nóvember 1879, eða lög, er síðar kunna að verða sett um það efni.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál, og sæta þau sektum frá 10 til 500 krónur.

Sje brotið fólgid í því, að farandsali eða umboðssali hafi eigi leyst leyfisbrjef samkvæmt lögum þessum, skal hann auk sektanna greiða gjald það, er honum bar að greiða.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í landssjóð.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 22. nóvember 1907.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

---

***H. Hafstein.***

## § 5.

De Handelsrejsendes Bevillinger skulle lyde paa Navn. I øvrigt foreskriver Ministeren deres Form og Indhold.

Nr. 78.  
22.  
Novbr.

## § 6.

Handelsrejsende eller Handelskommissionærer, der have fast Bopæl her i Landet og her udrede lovbefalede Ydelser, have at løse Borgerbrev som indenlandske Købmænd, jfr. Lov Nr. 28 af 7. November 1879, eller Love, der senere maatte blive udstedte desangaaende.

## § 7.

Overtrædelser af denne Lov behandles som offentlige Politisager og straffes med Bøder fra 10—500 Kr.

Hvis Overtrædelsen bestaar deri, at en Handelsrejsende eller Handelskommissionær ikke har løst Bevilling i Henhold til denne Lov, skal han foruden Bøden erlægge den lovmæssige Kendelse.

Bøder i Henhold til denne Lov tilfalde Landskassen.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 22. November 1907.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

**Islands Ministerium, den 22. November 1907.**

***H. Hafstein.***

***Ólafur Halldórsson.***